

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA



3. BRÉF | OKTÓBER | SKÓLAÁRIÐ 2019-2020

Kæru foreldrar og nemendur

Nú er september liðinn og bleikur október tekinn við. Skólastarfið fer vel af stað og ekki spillir nú fyrir þetta dásamlega veður sem er dag eftir dag. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að ganga eða hjóla í skólann og minnum þá á að börn yngri en 15 ára eiga að nota hjálm. Jóhann Rafn húsvörður er í veikindaleyfi og búið er að ráða Sindra Snæ Konráðsson tímabundið í hans stað.

Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundum skóladögum hjá okkur. Viðtalsdagar verða mánudaginn 7. október og þriðjudaginn 8. október. Ég minni foreldra á að bóka viðtal hjá umsjónarkennara á Mentor, eftir fimmtudaginn 3. október verður ekki hægt að bóka viðtal. Haustfríð verður svo fimmtudaginn 17. október og föstudaginn 18. október.

Föstudaginn 11. október er bleiki dagurinn. Það er orðinn fastur liður hjá okkur hér í skólanum að halda upp á þennan dag, klæðast bleiku og sýna þannig samstöðu í baráttunni gegn krabbameini. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að vera með.

Nú er búið að skipa í skólaráð fyrir þetta skólaár og má sjá hér aftar í bréfinu hverjir sitja í því. Á heimasíðunni undir flípanum skólinn/skólaráð má nálgast fundagerðir og netföng fulltrúanna. Við hvetjum ykkur til að senda okkur í ráðinu línu ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar um skólastarfið. Einnig er búið að skipa nýja stjórn FOKS, þá fulltrúa má líka sjá hér aftar í fréttabréfinu.

Einn liður í persónuverndarstefnu skólans er að fá samþykki foreldra fyrir myndatökum og meðferð myndefnis en búið er að útbúa eyðublað sem þarf að notast við. Yfir þetta verður farið í foreldraviðtölum hjá nýjum nemendum og öðrum sem við á. Við reynum öll að leggjast á eitt við að uppfylla öll skilyrði persónuverndarlaganna eins vel og okkur er unnt og óskum eftir góðu samstarfi í því sem og öðru hér í skólanum!

Með bestu kveðju!

Ólöf Inga

7. OG 8. OKTÓBER

Viðtalsdagar í skólanum.
Bókanir viðtala eru á
mentor.is

11. OKTÓBER

Bleikur dagur nemendur
og starfsfólk klæðast
bleiku í tilefni dagsins.
Njóttum dagsins saman
og vekjum um leið
athygli á baráttunni
gegn krabbameini.

17. OG 18. OKTÓBER

Haustfrí í grunnskólum
Akureyrarbæjar.

Frístund opin báða
dagana.

UM SAMFELLDAN VINNUDAG BARNNA


Stefna Akureyrarbæjar er að koma á samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístundaheimilin myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk. Samkvæmt þessari stefnu eiga börn á þessum aldri að hafa lokið öllu íþróttá- og tómstundastarfi kl. 16 alla virka daga.

Markmiðin með þessum breytingum eru:

- að virða gildi frítíma barnna,
- að tómstundir verði viðfangsefni, athöfn eða hegðun í frítíma þar sem þátttaka er valfrjáls og henni fylgi jákvæð áhrif og vellíðan,
- að minnka álagið á barnafjölskyldur,
- að stuðla að kolefnisjöfnun með fækkun bíla í umferðinni og að tómstundarúta flyti börn á milli staða sem ekki eru í göngufæri.

Nú þegar hafa orðið breytingar í þessa átt fyrir veturinn 2019-20 eins og sjá má á heimasíðum og facebooksíðum íþróttafélaga og annarra tómstunda, til stendur að gera enn betur fyrir haustið 2020-21.

Hrafnhildur Guðjónsdóttir, verkefnastjóri frístundastarfs á Akureyri

		Matseðill Síðuskóla Október 2019				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur		
	1. Hakkbollur, kartöflur, brún sósa	2. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, ávextir	3. Píta með hakki, grænmeti, pítusósa	4. Makkarónugrautur, salatbar		
7. VIÐTALSDAGUR	8. VIÐTALSDAGUR	9. Svínasnitsel, kartöflur, rauðkál, baunir	10. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, sósa, ávextir	11. Sveppasúpa, salatbar		
14. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	15. Kjúklingabuff, hrísgrjón, sósa, salatbar	16. Gratínfiskur, kartöflur, sósa, ávextir	17. HAUSTFRÍ	18. HAUSTFRÍ		
21. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, ávextir	22. Sæskar kjötbollur, kartöflur, sósa	23. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, grænmeti, sósa	24. Kjúklingaréttur, hrísgrjón, grænmeti, sósa	25. Pylsupasta		
28. Fiskiklattar, hrísgrjón, sósa, ávextir	29. Soðið slátur, kartöflur, jafningur, ávextir	30. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	31. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salatbar			

SKÓLARÁÐ SÍÐUSKÓLA 2019-2020

Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri

Marías Ben. Kristjánsson, deildarstjóri

Helga Lyngdal, deildarstjóri

Svava Svavarsdóttir, ritari

Þorbjörg Ólafsdóttir, kennari

Sigríður E. Bjarnadóttir, kennari

Elmar Dagur Stefánsson, fulltrúi nemenda

Eiríkur Gunnar Sigurðsson, fulltrúi nemenda

Katrín Ósk Steingrímsdóttir, fulltrúi foreldra

Halldór Arason, fulltrúi foreldra

Regína Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra

NEMENDARÁÐ SÍÐUSKÓLA 2019-2020

Marín Líf Snorradóttir

Elmar Dagur Stefánsson

Eiríkur Gunnar Sigurðsson

Kristlaug Eva Wium Elíasdóttir

María Dís Gústafsdóttir

Tara Sól Reynisdóttir

Kristjana Mjöll Víðisdóttir

Bryndís Huld Jónasdóttir



Varðandi breytingar á matartorgi, þá þurfa þær að berast fyrir 20. hvers mánaðar.

STJÓRN FOKS 2019-2020

FORELDRA- OG KENNARAFÉLAG SÍÐUSKÓLA

Anna Rósa Friðriksdóttir

Berglind Júdith Jónasdóttir

Daði Freyr Einarsson

Magnús Örn Friðriksson

Magnea Guðrún Karlsdóttir

Markús Gústafsson

Perla Dögg Jensdóttir

Sæfriður Marteinsdóttir

ÚTIVISTAR- TÍMINN FRÁ

1. SEPTEMBER

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

SAMKOMULAG UM FARSÍMA-OG SNJALLTÆKJANOTKUN Í SÍÐUSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2019-2020

8.-10. BEKKUR

- Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- Við erum sammála um að í matsal (í matartíma) eru símar og snjalltæki ekki í notkun og ekki uppi á borði.
- Við erum sammála um að símar og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar í frímínútum og eftir matartíma einungis á A-gangi.
- Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á tækin nema með leyfi starfsmanns.
- Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessu samkomulagi þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra. Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.

